

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2012/EES/42/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 98/10/COL frá 24. mars 2010 um áttugustu og fyrstu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldur er inn nýr kafli um viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna	1
2012/EES/42/02		Leiðrétting á kynningatilkynningu frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannapjónustukvaðir í Noregi.	10
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2012/EES/42/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6623 – VINCI/EVT Business)	11
2012/EES/42/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6644 – APG/PGGM/Challenger LBC Terminals)	12
2012/EES/42/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6657 – Marubeni Corporation/Gavilon Holdings) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2012/EES/42/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6667 – Marquard & Bahls/Linde/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2012/EES/42/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6668 – Mondì/Nordenia).	15

2012/EES/42/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6678 – Procter & Gamble/Arbora) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	16
2012/EES/42/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6679 – STEAG/Fronterasol/OHL Industrial/Arenales Solar) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	17
2012/EES/42/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6687 – Mitsubishi Motors Corporation/Mitsubishi Corporation/Guangzhou Automobile/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	18
2012/EES/42/11	Upphaf málsmeðferðar (Mál COMP/M.6570 – UPS/TNT Express)	19
2012/EES/42/12	Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. júní 2012 til 30. júní 2012.	19

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2012/EES/42/01

98/10/COL

frá 24. mars 2010

um áttugustu og fyrstu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldur er inn nýr kafli um viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr. og staflíðar b) í 2. mgr. 5. gr.

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt stafl. b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeinandi reglur um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða eftirlitsstofnunin álitur það nauðsynlegt.

Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar 19. janúar 1994 ⁽⁴⁾.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna samþykkti orðsendingu um viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna 24. júní 2009 ⁽⁵⁾.

Sú orðsending varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við framkvæmdastjórn EB og EFTA-rikin með bréfi um þetta efni hinn 12. mars 2010 (skjöl nr. 549988, 549990 og 549991).

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslensku þýðingunni.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (Stjtið. EB eða Stjtið. ESB í því sem hér fer á eftir) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og í EES-viðbæti nr. 32 sama dag, bls. 1, með áorðnum breytingum. Þær nefnast „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrætt gerð Leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>

⁽⁵⁾ Sjá Stjtið. ESB C 223, 16.9.2009, bls. 3.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði Leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð breytast þannig að felldur er inn nýr kafli um viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna. Nýi kafli er birtur í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 24. mars 2010.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

Forseti

Kurt Jaeger

Stjórnarmaður

VIÐAUKI

KAFLI UM VIÐMIÐ FYRIR ÍTARLEGU MATI Á BYGGÐAÐSTOÐ VEGNA STÓRRA FJÁRFESTINGARVERKEFNA ⁽¹⁾

1. Inngangur

1.1 Almennar reglur um byggðaaðstoðarráðstafanir

- 1) Í kafla um landsbundna byggðaaðstoð fyrir árin 2007–2013 í Leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA („Leiðbeinandi reglur um byggðaaðstoð“ í því sem hér fer á eftir) er varpað ljósi á almenna afstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar byggðatengda ríkisaðstoð ⁽²⁾. Eftirlitsstofnun EFTA getur litið svo á, í samræmi við skilmála sem mælt er fyrir um í Leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð og þrátt fyrir þau neikvæðu áhrif sem byggðaaðstoð getur haft á viðskipti og samkeppni, að ríkisaðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins ef hún er veitt til að stuðla að efnahagsþróun tiltekinna illa settra svæða innan EES.
- 2) Í Leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð er að jafnaði höfð hliðsjón af þeim tiltölulega mikla vanda sem steðjar að þróun viðkomandi byggða með því að innleiða sérstakt hámark byggðaaðstoðar. Hæsta leyfilega aðstoðarhlutfall er á bilinu 10% til 50% af styrkhæfum kostnaði, sem einkum byggist á vergri landsframleiðslu á mann á viðkomandi svæðum, en EFTA-ríkjunum er gefið svigrúm til að hafa hliðsjón af staðbundnum aðstæðum. Byggðakort hvers EFTA-ríkis er birt á heimasíðu Eftirlitsstofnunar EFTA ⁽³⁾. Þetta stighækkandi aðstoðarhlutfall endurspeglar í aðalatriðum það jafnvægismat sem Eftirlitsstofnun EFTA verður að gera, annars vegar á þeim jákvæðu áhrifum sem svæðisbundnar fjárfestingar geta haft, einkum að því er varðar eflingu samheldni með því að laða fjárfestingar að illa settum svæðum, og hins vegar með því að takmarka hugsanleg, neikvæð áhrif þess að veita einstökum fyrirtækjum slíka aðstoð, t.d. neikvæð áhrif á aðra rekstraraðila og svæði sem missa tilsvareandi hlutfallslegt samkeppnisforskot.
- 3) Stórt fjárfestingarverkefni er stofnfjárfesting þar sem styrkhæf útgjöld eru meiri en 50 milljónir evra ⁽⁴⁾. Stór fjárfestingarverkefni verða fyrir minni áhrifum af því óhagræði sem einkennir illa sett svæði en fjárfestingarverkefni sem eru smærri í sniðum. Aukin hætta er á að stærri fjárfestingarverkefni hafi áhrif á viðskipti og valdi þar með meiri röskun á samkeppni gagnvart keppinautum á öðrum svæðum. Hætta er einnig á að stórar fjárfestingar leiði til hærri aðstoðarfjárhæðar en það lágmark sem nauðsynlegt er til að bæta upp svæðisbundið óhagræði og þá er hætta á að ríkisaðstoð til þessara verkefna hafi öfugsnúin áhrif, t.d. óhagkvæmt staðarval, meiri röskun á samkeppni og, vegna þess að aðstoð er kostnaðarsöm tilfærsla frá skattgreiðendum til aðstoðarþega, hreint velferðartap, þ.e. kostnaður við aðstoðina er meiri en ávinningur neytenda og framleiðenda.
- 4) Í Leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð er kveðið á um sértækar reglur að því er varðar byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna ⁽⁵⁾. Í Leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð er kveðið á um sjálfvirka, stigvaxandi lækkun á hámarki byggðaaðstoðar vegna þessara stóru fjárfestingarverkefna til að takmarka röskun á samkeppni nægilega mikið til að almennt megi ætla að aðstoð vegna þróunar viðkomandi svæða bæti hana upp ⁽⁶⁾.
- 5) Að auki verða EFTA-ríkin að tilkynna sérstaklega alla aðstoð til fjárfestingarverkefna ef fyrirhuguð aðstoð er hærri en sú hámarksfjárhæð aðstoðar sem heimilt er að veita samkvæmt gildandi reglum (hámark aðstoðar án tilkynningaskyldu) vegna fjárfestingar þar sem styrkhæf útgjöld eru meiri en 100 milljónir evra ⁽⁷⁾. Að því er varðar mál sem eru tilkynnt, gengur Eftirlitsstofnun EFTA einkum úr skugga um hvort aðstoðarhlutfall samrýmist almennum viðmiðum Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð og hvort fjárfesting, sem hefur verið tilkynnt, feli í sér verulega aukningu á framleiðslugetu og hvort hún taki jafnframt á markaði sem starfar ekki sem skyldi eða fer jafnvel hnignandi, eða hvort hún ivilni fyrirtækjum með mikla markaðshlutdeild.

1.2. Byggðaaðstoðarráðstafanir sem sæta ítarlegu mati

- 6) Tilteknar háar fjárhæðir byggðaaðstoðar vegna stórra fjárfestingarverkefna geta, þrátt fyrir sjálfvirka lækkun, eigi að síður haft umtalsverð áhrif á viðskipti og kunna að leiða til efnislegrar röskunar á samkeppni. Af þessari ástæðu var það áður stefna Eftirlitsstofnunar EFTA að heimila ekki að aðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna færi yfir eftirfarandi hámark ⁽⁸⁾:
 - aðstoðarþegi ræður yfir meira en 25% af sölu á viðkomandi vöru(m) á viðkomandi markaði/mörkuðum, eða

⁽¹⁾ Kafla þessi samsvarar orðsendingu framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna 24. júní 2009, Stjtið. ESB C 223, 16.9.2009, bls. 3.

⁽²⁾ Kaflinn um landsbundna byggðaaðstoð árin 2007–2013 samsvarar orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar – Leiðbeinandi reglur um landsbundna byggðaaðstoð árin 2007–2013, Stjtið. ESB C 54, 4.3.2006, bls. 13.

⁽³⁾ <http://www.eflasurv.int/state-aid/state-aid-register/>

⁽⁴⁾ Eins og það er skilgreint í 49. mgr. og í 46. og 47. mgr. Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð.

⁽⁵⁾ Sjá undirkafla 4.3 í Leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð.

⁽⁶⁾ Sjá 56. mgr. Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð.

⁽⁷⁾ Sjá 53. mgr. Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð.

⁽⁸⁾ Sjá 4. mgr. liðar 26A.3 í kafla 26A í Fjölgreinareglum Eftirlitsstofnunar EFTA um byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna, sem samsvaraði til Fjölgreinareglna framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna (Stjtið. ESB C 70, C 263, 1.11.2003, bls. 3).

- framleiðslugeta sem verkefnið skapar fer yfir 5% af markaðinum, á sama tíma og vöxtur viðkomandi markaðar er undir vexti vegrar landsframleiðslu á EES-svæðinu.
- 7) Eftirlitsstofnun EFTA hefur aftur á móti, samkvæmt gildandi Leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð, kosið að beita nálgun sem er meira sérsniðin og gerir kleift að taka tillit til samheldni og annars ávinnings af slíkum verkefnum á eins áþreifanlegan hátt og kostur er. Allan slíkan ávinning verður hins vegar að veða og meta með hliðsjón af líklegum, neikvæðum áhrifum á viðskipti og samkeppni, sem einnig verður að skilgreina á jafn áþreifanlegan hátt og unnt er. Í 57. mgr. Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð er því kveðið á um að Eftirlitsstofnun EFTA geri formlega rannsókn samkvæmt 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðar mál þar sem farið er yfir hámark aðstoðar og þar sem öðru eða hvoru tveggja skilyrðanna í stafl. a) og b) í 57. mgr. Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð er fullnægt (hámark fyrir ítarlegt mat sem er það sama og hámarkið sem lýst er í 6. mgr. þessa kafla). Í þessum tilvikum er markmið með formlegri rannsókn að ganga svo ekki verði um villst úr skugga um „að þörf sé á aðstoðinni til þess að skapa hvatningaráhrif til fjárfestingar og að kostir þeirrar ráðstöfunar vegi þyngra en sú samkeppnisröskun og þau áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna sem af henni leiðir“⁽⁹⁾.
- 8) Í 55. neðanmálgrein Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA að þegar fram í sækti kynni hún „að gefa út frekari leiðsögn um forsendur sem ráða þessu mati hennar“. Hér fer á eftir leiðarvísir Eftirlitsstofnunar EFTA um það hvaða upplýsingar hún kunnir að þurfa á að halda og þær aðferðir sem hún muni beita í tengslum við ráðstafanir sem teknar eru til ítarlegs mats. Í samræmi við aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um ríkisaðstoð⁽¹⁰⁾, mun Eftirlitsstofnun EFTA gera heildarmat á aðstoðinni þar sem vegin verða jákvæð og neikvæð áhrif hennar svo ákvarða megi hvort unnt sé að fallast á aðstoðarráðstöfunina í heild.
- 9) Ítarlegt mat skal vera í réttu hlutfalli við þá hugsanlegu röskun sem aðstoð getur haft í för með sér. Þetta merkir að umfang matsins fer eftir eðli viðkomandi máls. Eðli og umfang gagna sem til þarf veltur einnig á einkennum hvers einstaks máls. Eftirlitsstofnun EFTA getur m.a., á sama tíma og hún fer að ákvæðum um hvernig formleg rannsókn fer fram og er að finna í 6. og 7. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól um verkefni og valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar, óskað eftir því við EFTA-ríkin að þau leggi fram óháðar rannsóknir til að staðfesta upplýsingar í tilkynningunni eða leiti eftir framlagi frá öðrum rekstraraðilum á viðkomandi mörkuðum eða frá sérfræðingum á sviði byggðapróunar. Þá eru athugasemdir frá hagsmunaaðilum vel þegnar á meðan formleg rannsókn stendur yfir. Eftirlitsstofnun EFTA mun tilgreina lykilmálefni sem hún óskar eftir framlagi um við upphaf rannsóknarinnar.
- 10) Tilgangurinn með þessum kafla er að tryggja að ákvarðanatökufæri Eftirlitsstofnunar EFTA sé gagnsætt og fyrirsjáanlegt og að EFTA-ríkin fái jafna meðferð. Eftirlitsstofnun EFTA áskilur sér rétt til að breyta og endurskoða þessa leiðsögn í ljósi reynslunnar.

2. Jákvæð áhrif aðstoðarinnar

2.1 Markmið aðstoðarinnar

- 11) Markmiðið með byggðaaðstoð lýtur að sameiginlegum hagsmunum og endurspeglar sanngirnissjónarmið, það er að segja að það stuðlar að efnahagslegri samheldni með því að minnka bilið milli þróunarstigs mismunandi landsvæða innan EES. Í 2. mgr. Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð segir svo: „Landsbundinni byggðaaðstoð er ætlað að sporna gegn óhagræði sem illa sett svæði búa við, og auka þannig efnahagslega, félagslega og svæðislega samheldni í EES-ríkjunum og á Evrópska efnahagssvæðinu sem heild“. Í 3. mgr. Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð segir svo: „Landsbundinni byggðaaðstoð til fjárfestinga er ætlað að ýta undir uppbyggingu á þeim svæðum sem verst eru sett með því að efla fjárfestingar og atvinnusköpun. Hún stuðlar að því að fyrirtæki á harðbýlum svæðum geti fært út kviarnar og stundað fjölbreyttari atvinnustarfsemi, einkum með því að örva þau til að koma upp nýjum starfstöðvum á þessum svæðum“.
- 12) Að því er varðar stór fjárfestingarverkefni sem uppfylla hámark fyrir ítarlegt mat, verða EFTA-ríkin beðin um að sýna fram á að með aðstoðinni verði tekið á umræddu sanngirnismarkmiði. EFTA-ríkin verða þess vegna að færa rök fyrir því að fjárfestingarverkefnið stuðli að þróun viðkomandi svæðis.
- 13) Þótt helsta markmið byggðaaðstoðar sé að ýta undir sanngirni, eins og efnahagslega samheldni, getur byggðaaðstoð einnig tekið á málefnum sem lúta að markaðsbrest. Halli á samkeppnisstöðu héraða getur tengst markaðsbresti á borð við ófullkomnar upplýsingar, samræmingarvanda, erfiðleika aðstoðarþega við að veita fjármagni til fjárfestinga í almannagæðum eða úthrif af fjárfestingum. Ef byggðaaðstoð tekur einnig á skilvirkni, auk sanngirnismarkmiða, verður lítið svo á að jákvæð heildaráhrif aðstoðarinnar verði meiri.
- 14) Unnt er að nota eftirfarandi lista yfir viðmið, sem er ekki tæmandi, til að sýna fram á hvað aðstoðin leggur af mörkum til svæðisins, að því leyti sem hún laðar að sér viðbótarfjárfestingar og starfsemi í byggðarlaginu. Jákvæð áhrif aðstoðarinnar geta bæði verið bein (t.d. bein atvinnusköpun) og óbein (t.d. staðbundin nýsköpun).
- Fjöldi beinna starfa sem verður til vegna fjárfestingarinnar er mikilvægur vísir um framlag til byggðapróunar. Einnig ber að taka mið af gæðum starfanna sem verða til og þeirri færni sem til þarf.

⁽⁹⁾ Sjá 57. mgr. Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð.

⁽¹⁰⁾ Sjá 11. og 20. mgr. Aðgerðaáætlunar um ríkisaðstoð (COM(2005) 107 lokaútg.).

- Enn fleiri ný störf kynnu að verða til hjá staðbundnum (undir)birgjum, sem yrði til þess að fjárfestingin nýttist umræddu byggðarlagi betur og tryggði jafnvel enn meiri smitáhrif. Því verður einnig að taka tillit til þess fjölda óbeinna starfa sem verður til.
- Skuldbinding af hálfu aðstoðarþega til að standa fyrir viðtækri þjálfun til að bæta færni starfsmanna sinna (almenna og sértæka) verður talin stuðla að byggðaðþróun. Einnig verður lögð áhersla á þjálfun sem eykur þekkingu og ráðningarhæfi starfsmanna utan fyrirtækisins. Almenn eða sértæk þjálfun, sem fallist hefur verið á að veita aðstoð, verður ekki talin til jákvæðra áhrifa byggðaaðstoðar til að forðast tvítalningu.
- Ytri stærðarhagkvæmni eða annar ávinningur af sjónarhóli byggðaðþróunar getur komið upp vegna nálægðarinnar (klasaáhrif). Klasamyndun fyrirtækja í sömu atvinnugrein getur leitt til aukinnar sérhæfingar einstakra verksmiðja sem síðan leiðir til aukinnar skilvirkni. Nálægðin auðveldar skipti á upplýsingum, hugmyndum og þekkingu milli fyrirtækja. Samþjöppun atvinnustarfsemi laðar að sér margt fólk í atvinnuleit og tryggir að fyrirtæki geti valið úr stórum hópi vinnandi fólks með mismunandi færni. Aðgangur að lögfræðipjónustu og þjónustu í viðskiptaskyni er tryggður og framleiðni eykst. Þá getur samþjöppun atvinnustarfsemi laðað að sér aðrar fjárfestingar sem svo aftur auka jákvæð smitáhrif (dyggðahringur).
- Fjárfestingar fela í sér tækniþekkingu og geta verið uppspretta umtalsverðrar yfirfærslu tækniþekkingar (smitáhrif þekkingar). Fjárfestingar í atvinnugreinum sem krefjast mikils tæknibúnaðar eru líklegri til að fela í sér yfirfærslu tækniþekkingar til byggðarlagsins sem fær aðstoð. Hversu mikil og sértæk dreifing þekkingar á sér stað er einnig mikilvægt í þessu tilliti.
- Einnig verður hugað að þætti verkefna í því að gera byggðarlagi kleift að skapa nýja tækni fyrir tilstilli staðbundinnar nýsköpunar. Í þessu tilliti má líta jákvætt á samvinnu milli nýrrar framleiðslustöðvar og staðbundinna æðri menntastofnana.
- Lengd fjárfestingar og hugsanlegar framhaldsfjárfestingar í framtíðinni eru til marks um að fyrirtæki hafi stofnað til varanlegra tengsla við byggðarlagið.

- 15) EFTA-ríkjunum er einkum bent á að styðjast við mat á eldri áætlunum eða ráðstöfunum á sviði ríkisaðstoðar, mat þess yfirvalds sem veitir aðstoðina á áhrifum hennar, sérfræðiálit og aðrar hugsanlegar athuganir sem varða fjárfestingarverkefnið sem er til skoðunar. Viðskiptaáætlun aðstoðarþega gæti veitt upplýsingar um fjölda starfa sem hefur orðið til, greidd laun (aukning á fjármunum heimila sem smitáhrif), sölutölur frá staðbundnum framleiðendum, veltu sem leiðir af fjárfestingunni og byggðarlagið gæti notið ávinnings af vegna aukinna skatttekna.
- 16) Ef við á, verður einnig að horfa til tengsla milli fyrirhugaðs fjárfestingarverkefnis og landsbundins stefnumiðaðs viðmiðunarramma, svo og tengsla milli verkefnis og rekstraráætlana sem fá viðbótarfjármögnun úr þróunarsjóðum ESB.

2.2 Er aðstoðarformið viðeigandi?

- 17) Ríkisaðstoð í formi fjárfestingarstyrkja er ekki eina stjórnækið sem EFTA-ríkin geta gripið til í því skyni að styðja við fjárfestingar og atvinnusköpun á illa settum svæðum. EFTA-ríki geta beitt almennum ráðstöfunum, s.s. að þróa grunnvirki, auka gæði menntunar og þjálfunar eða gera úrbætur á almennu viðskipaumhverfi.
- 18) Ráðstafanir teljast viðeigandi stjórnæki ef EFTA-ríkið hefur hugað að öðrum hugsanlegum stjórnækjum og gert Eftirlitsstofnun EFTA rökstudda grein fyrir kostum þess að nota sértækt stjórnæki á borð við ríkisaðstoð til tiltekins fyrirtækis. Eftirlitsstofnun EFTA mun einkum hafa hliðsjón af mati á áhrifum fyrirhugaðrar ráðstöfunar sem EFTA-ríkið kann að hafa gripið til.

2.3 Hvatningaráhrif

- 19) Greining á hvatningaráhrifum aðstoðarráðstöfunar er einhver mikilvægasti þátturinn í ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna. Eftirlitsstofnun EFTA leggur mat á hvort fyrirhuguð aðstoð sé nauðsynleg til þess að til verði „raunveruleg hvatningaráhrif til að ráðast í fjárfestingar sem ekki hefði orðið af að öðrum kosti á svæðunum sem njóta aðstoðarinnar“⁽¹¹⁾. Mat þetta fer fram í tvennu lagi: í fyrsta lagi mat sem lýtur að almennri málsmeðferð og í öðru lagi ítarlegra efnahagslegt mat.
- 20) Í 30. mgr. Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð er að finna almenn viðmið fyrir formlegt mat á hvatningaráhrifum byggðaaðstoðar. Þessi viðmið eiga við um alla byggðaaðstoð, ekki aðeins byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna.
- 21) Þegar um ræðir byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna sem kafla þessi tekur til, mun Eftirlitsstofnun EFTA ganga svo ekki verði um villst úr skugga um hvort „þörf sé á aðstoðinni til að skapa hvatningaráhrif til fjárfestingar“⁽¹²⁾. Markmiðið með þessu ítarlega mati er að ákvarða hvort aðstoð stuðli í raun að því að breyta háttsemi aðstoðarþega þannig að hann ráðist í (viðbótar) fjárfestingar í viðkomandi byggðarlagi sem nýtur aðstoðar. Margar gildar ástæður eru fyrir því að fyrirtæki kemur sér fyrir í tilteknu byggðarlagi, jafnvel án þess að aðstoð komi til.

⁽¹¹⁾ Sjá 30. mgr. Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð.

⁽¹²⁾ Sjá 57. mgr. Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð.

- 22) Með hliðsjón af sanngirnismarkmiði sem leiðir af samheldnistefnu og að svo miklu leyti sem aðstoð stuðlar að því að þessu markmiði verði náð, er unnt að sanna að hvatningaráhrif séu fyrir hendi í tveimur hugsanlegum sviðsmyndum:
- i) Aðstoð er hvati til að taka jákvæða ákvörðun um fjárfestingu af því að fjárfesting, sem ella væri ekki ábatasöm fyrir fyrirtækið á hvaða öðrum stað sem væri, getur orðið að veruleika í byggðarlagi sem nýtur aðstoðar ⁽¹³⁾.
 - ii) Aðstoð er hvati til að staðsetja fyrirhugaða fjárfestingu í viðkomandi byggðarlagi fremur en annars staðar af því að aðstoðin bætir upp það óhagræði og kostnað sem tengist staðsetningu í byggðarlagi sem nýtur aðstoðar.
- 23) EFTA-ríkið skal sýna Eftirlitsstofnun EFTA fram á hvatningaráhrif aðstoðarinnar. Það þarf að færa viðhlítandi sönnur fyrir því að aðstoðin hafi í raun áhrif á val á fjárfestingu eða val á staðsetningu. Það verður að tilgreina hvaða sviðsmynd á við. Til þess að unnt sé að gera víðtækt mat verður EFTA-ríkið ekki aðeins að leggja fram upplýsingar um verkefnið sem nýtur aðstoðar, heldur einnig ítarlega lýsingu á stöðunni sem uppi hefði verið ef EFTA-ríkið hefði ekki veitt fyrirtækinu aðstoð.
- 24) Í sviðsmynd 1 gæti EFTA-ríkið fært sönnur fyrir hvatningaráhrifum aðstoðarinnar með því að leggja fram skjöl frá fyrirtækinu sem sýndu að fjárfestingin væri ekki ábatasöm án aðstoðar og að annar staður en viðkomandi byggðarlag sem nýtur aðstoðar kæmi ekki til greina.
- 25) Í sviðsmynd 2 gæti EFTA-ríkið fært sönnur fyrir hvatningaráhrifum aðstoðarinnar með því að leggja fram skjöl frá fyrirtækinu sem sýndu að samanburður hefði verið gerður á kostnaði og ávinningi af því að staðsetja fyrirtækið í viðkomandi byggðarlagi, sem nýtur aðstoðar, annars vegar, og í öðru byggðarlagi, hins vegar. Eftirlitsstofnun EFTA verður að líta svo á að þannig samanburður á sviðsmyndum sé raunhæfur.
- 26) EFTA-ríkjunum er einkum bent á að styðjast má við áhættumat (þ.m.t. áhættumat sem tengist staðsetningu), fjárhagsskýrslur, innanhússviðskiptaáætlanir, sérfræðiálit og aðrar rannsóknir sem tengjast fjárfestingarverkefninu sem verið er að meta. Skjöl sem hafa að geyma upplýsingar um áætlaða eftirspurn, útgjaldspár, fjárhagsspár, skjöl sem afhent eru fjárfestingarnefnd og fjalla um ýmsa fjárfestingarkosti eða skjöl sem birt eru fjármálamálorkuðum geta orðið að liði við að ganga úr skugga um hvort hvatningaráhrif séu fyrir hendi.
- 27) Í þessu sambandi, einkum þó í sviðsmynd 1, er unnt að meta arðsemina með vísan til aðferðafræði sem er föst venja í viðkomandi atvinnugrein og getur falið í sér aðferðir til að meta hreint núvirði verkefnisins, afkastavexti eða arðsemi þess fjármagns sem notað er.
- 28) Ef aðstoð breytir ekki háttsemi aðstoðarþega með því að örva (viðbótar) fjárfestingar í viðkomandi byggðarlagi, sem nýtur aðstoðar, eru ekki fyrir hendi hvatningaráhrif til að ná fram byggðamarkmiði. Ef aðstoð hefur engin hvatningaráhrif til að unnt sé að ná fram byggðamarkmiði, má líta á aðstoðina sem ókeypis fjármagn til handa fyrirtækinu. Að undangengnu ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna verður aðstoð því ekki veitt í tilvikum þar sem svo virðist sem ráðist yrði í sömu fjárfestingu í byggðarlaginu þótt aðstoð kæmi ekki til.

2.4 Er aðstoðin hæfileg að umfangi?

- 29) Til að byggðaaðstoð teljist hæfileg að umfangi verður fjárhæð og aðstoðarhlutfall að takmarkast við það sem nauðsynlegt er til að ráðist verði í fjárfestingu í byggðarlagi sem nýtur aðstoðar.
- 30) Leiðbeinandi reglur um byggðaaðstoð tryggja alla jafna að byggðaaðstoð sé hæfileg að umfangi miðað við alvöru þess vanda sem byggðarlög, sem njót aðstoðar, glíma við með því að beita almennt hámarki byggðaaðstoðar og sjálfvirkri, stigvaxandi lækkan á hámarki byggðaaðstoðar vegna stórra fjárfestingarverkefna (sjá 1. og 3. mgr.).
- 31) Að því er varðar þau tilvik byggðaaðstoðar þar sem ítarlegs mats er krafist, er nauðsynlegt að gera enn ítarlegri sannprófun á þeirri almennu meginreglu sem lýtur að því hvort aðstoð sé hæfileg að umfangi og er að finna í Leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð.
- 32) Að því er varðar hvata til fjárfestingar í sviðsmynd 1, verður að jafnaði litið svo á að aðstoð sé hæfileg að umfangi ef arðsemi fjárfestingarinnar er, fyrir tilstilli aðstoðarinnar, í samræmi við eðlilega arðsemi sem fyrirtækið miðar við í öðrum fjárfestingarverkefnum, fjármagnskostnað fyrirtækisins í heild eða þá arðsemi sem alla jafna er í viðkomandi atvinnugrein.
- 33) Að því er varðar hvata til staðsetningar í sviðsmynd 2, verður að jafnaði litið svo á að aðstoð sé hæfileg að umfangi ef hún er jafn mikil og mismunurinn á hreinum kostnaði fyrirtækisins, sem nýtur aðstoðar, við að fjárfesta í byggðarlaginu, sem nýtur aðstoðar, og hreinum kostnaði við að fjárfesta í öðru byggðarlagi eða byggðarlögum. Taka verður tillit alls slíks kostnaðar og ávinnings, m.a. stjórnsýslukostnaðar, flutningskostnaðar, þjálfunarkostnaðar sem aðstoð vegna þjálfunar tekur ekki til, svo og launamunar.

⁽¹³⁾ Slíkar fjárfestingar geta skapað skilyrði sem greiða fyrir frekari fjárfestingum sem komast af án viðbótaraðstoðar.

- 34) Þegar upp er staðið mun þessi hreini kostnaður, sem talinn er tengjast halla á samkeppnisstöðu byggðarlags, leiða til lægri arðsemi fjárfestingarinnar. Af þessari ástæðu er einnig unnt að nota útreikninga, sem beitt er við greiningu á hvatningaráhrifum, til að meta hvort aðstoð sé hæfileg að umfangi.
- 35) EFTA-ríkið þarf að sýna fram á að aðstoð sé hæfileg að umfangi á grundvelli viðeigandi gagna, eins og þeirra sem getið er í 26. mgr.
- 36) Aðstoðarhlutfall getur í engum tilvikum orðið herra en hámark byggðaaðstoðar leiðrétt með sjálfvirkri stíglækkun, eins og tilgreint er í Leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð.

3. Neikvæð áhrif aðstoðar

- 37) Eftirlitsstofnun EFTA verður, til þess að geta lagt mat á markaðshlutdeild og hugsanlega umframgetu á hnignandi markaði, að skilgreina viðkomandi vörumarkað og landfræðilegan markað. Alla jafna ⁽¹⁴⁾ hafa viðkomandi markaðir verið skilgreindir í tengslum við byggðaaðstoð sem sætir ítarlegu mati.
- 38) Tveir helstu vísar um hugsanleg, neikvæð áhrif aðstoðar hafa þegar verið skilgreindir í 57. mgr. Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð, nánar tiltekið há markaðshlutdeild og hugsanleg umframgeta á hnignandi markaði. Þeir tengjast tveimur kenningum um hvað geti verið skaðlegt samkeppni, það er að segja myndun markaðsstyrks og myndun eða viðvarandi, óhagkvæmt markaðsskipulag. Fyrsta mat á þessum tveimur vísnum verður gert áður en rannsókn hefst. Til þess að allir þættir fyrir síðustu jafnvægisathugunina liggi fyrir verður mat á vísunum tveimur endurbætt í ítarlega matinu. Þriðji vísirinn um hugsanleg, neikvæð áhrif aðstoðar, sem verður metinn ítarlega er áhrif aðstoðar á viðskipti. Þótt litið sé á þessa þrjá vísa sem helstu neikvæðu áhrifin sem byggðaaðstoð vegna stórs fjárfestingarverkefnis getur hugsanlega haft í för með sér, útilokar Eftirlitsstofnun EFTA ekki að aðrir vísar geti einnig verið viðeigandi í tilteknum málum.
- 39) Eftirlitsstofnun EFTA leggur sérstaka áherslu á neikvæð áhrif sem tengjast hugmyndinni um markaðsstyrk og umframgetu í tilvikum þar sem aðstoð verður hvati til að breyta ákvörðun um fjárfestingu, þannig að ekki yrði af fjárfestingu ef aðstoð kæmi ekki til (sviðsmynd 1 um hvatningaráhrif).
- 40) Ef staðleysugreining bendir aftur á móti til að ráðist hefði verið í fjárfestinguna án þess að aðstoð kæmi til, þótt á öðrum stað væri (sviðsmynd 2), og ef aðstoðin er hæfileg að umfangi, væru hugsanlegar vísbendingar um samkeppnisröskun, eins og há markaðshlutdeild og aukning á framleiðslugetu á markaði sem starfar ekki sem skyldi, í raun þær sömu, óháð aðstoðinni.

3.1 Ruðningsáhrif gagnvart fjárfestingum einkaaðila

3.1.1 Markaðsstyrkur

- 41) Þegar fyrirtæki ákveður ákjósanlegustu fjárfestingar sínar á mörkuðum þar sem fáir markaðsaðilar eru (dæmisgerð staða þegar kemur að stórum fjárfestingarverkefnum), tekur það tillit til fjárfestinga af hálfu keppinauta sinna. Ef aðstoð stuðlar að því að tiltekið fyrirtæki fjárfesti meira geta keppinautar brugðist við með því að draga úr eigin útgjöldum á svæðinu. Í því tilviki hefur aðstoð ruðningsáhrif gagnvart fjárfestingum einkaaðila. Ef slíkir keppinautar verða veikari vegna þessa eða þurfa jafnvel að hverfa af markaði, raskar aðstoðin samkeppni. Í þessu tilliti, eins og fjallað er um í 38. mgr., er í Leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð gerður greinarmunur á tilvikum þar sem aðstoðarþegi býr yfir markaðsstyrk og tilvikum þar sem aðstoð leiðir til umtalsverðrar aukningar á framleiðslugetu á markaði sem fer hnignandi.
- 42) Almennt séð er aðstoð til eins fyrirtækis á markaði þar sem samþjöppun ríkir líklegri til að raska samkeppni þar eð ákvörðun hvers fyrirtækis er líklegri til að hafa bein áhrif á keppinauta. Þetta á einkum við ef ráðandi markaðsaðili nýtur styrkja. Ef aðstoð verður til þess að fyrirtæki geti viðhaldið markaðsstyrk sínum eða aukið hann ⁽¹⁵⁾, getur byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna haft fælandi áhrif á ákvarðanir keppinauta um fjárfestingar og þar með valdið röskun á samkeppni. Það yrði til skaða fyrir neytendur. Eftirlitsstofnun EFTA vill því setja mörk á ríkisaðstoð til fyrirtækja með markaðsstyrk.
- 43) Eftirlitsstofnun EFTA þarf, að því er varðar öll tilvik byggðaaðstoðar sem fer yfir hámark aðstoðar án tilkynningarskyldu (53. mgr. Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð), að meta (a-liður 57. mgr. Leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð) hlutdeild fyrirtækis sem nýtur aðstoðar (eða samsteypu sem það tilheyrir) í sölu á viðkomandi vöru eða vörum á viðkomandi vörumarkaði/-mörkuðum og landfræðilegum markaði/mörkuðum. Markaðshlutdeild getur þó aðeins gefið fyrstu vísbendingu um hugsanlegan vanda. Því mun Eftirlitsstofnun EFTA einnig, í ítarlegu mati, hafa hliðsjón af öðrum þáttum, ef við á, m.a. markaðsuppbyggingu með því að skoða

⁽¹⁴⁾ Ef vafi leikur á um viðeigandi skilgreiningu á viðkomandi mörkuðum mun Eftirlitsstofnun EFTA tilgreina þá í ákvörðun sinni um að hefja formlega rannsókn samkvæmt 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3.

⁽¹⁵⁾ Markaðsstyrkur er styrkur til að stýra verði á markaði, framleiðslu, úrvali eða gæðum vöru og þjónustu eða öðrum samkeppnisþáttum á markaði um allan langtíð skeið.

samþjöppun á markaðinum ⁽¹⁶⁾, hugsanlegar aðgangshindranir ⁽¹⁷⁾, styrk kaupenda ⁽¹⁸⁾ og útgönguhindranir.

- 44) Eftirlitsstofnun EFTA mun hafa hliðsjón af markaðshlutdeild og öðrum þáttum, sem máli skipta, fyrir og eftir fjárfestingu (venjulega árið áður en ráðist er í fjárfestingu og árið eftir að framleiðsla er komin í fullan gang). Þegar Eftirlitsstofnun EFTA gerir ítarlegt mat á neikvæðum áhrifum hefur hún hliðsjón af því að flest stór fjárfestingarverkefni hafa lengri líftíma þótt ýmis önnur fjárfestingarverkefni standi yfir í tiltölulega skamman tíma, eitt eða tvö ár. Af þeim sökum er langtímagreining á þróun markaða nauðsynleg í flestum tilvikum. Eftirlitsstofnun EFTA mun þó hafa í huga að langtímagreining er meiri óvissu háð, einkum á óstöðugum mörkuðum eða á mörkuðum þar sem tæknibreytingar eru örar. Eftir því sem greiningin er til lengri tíma og þar með meiri óvissu háð, þeim mun minna vægi fá þess vegna hugsanleg, neikvæð áhrif markaðsstyrks eða möguleg, markaðshindrandi starfsemi.

3.1.2 *Að skapa eða viðhalda óhagkvæmu markaðsskipulagi*

- 45) Ef óhagkvæm fyrirtæki eru þvinguð af markaði er það til marks um virka samkeppni. Þegar til lengri tíma er lítið stuðlar þetta ferli að tækniframförum og skilvirkri notkun á takmörkuðum auðlindum í hagkerfinu. Umtalsverð aukning á framleiðslugetu af völdum ríkisaðstoðar á markaði sem starfar ekki sem skyldi gæti þó raskað samkeppni óhófliga þar sem umframgeta gæti leitt til minni framlegðar og dregið úr getu keppinauta eða jafnvel leitt til útgöngu þeirra af markaði. Þá gæti komið upp sú staða að keppinautar, sem ella gætu verið áfram á markaði, yrðu þvingaðir út af markaði vegna ríkisaðstoðar. Aðstoð getur einnig komið í veg fyrir að fyrirtæki með lágan kostnað komist inn á markað og hún getur dregið úr hvötum keppinauta til að stunda nýsköpun. Þetta leiðir til óhagkvæms markaðsskipulags sem einnig er skaðlegt neytendum til lengri tíma lítið.
- 46) Til þess að Eftirlitsstofnun EFTA geti metið hvort aðstoð verði til að skapa eða viðhalda óhagkvæmu markaðsskipulagi, eins og bent er á hér að framan, verður hún að hafa hliðsjón af viðbótarframleiðslugetu sem verður til vegna verkefnisins og því hvort markaðurinn starfi ekki sem skyldi ⁽¹⁹⁾. Samkvæmt Leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð, verður aðeins lítið svo á að umframgeta sé til vandræða ef hún verður til á markaði, sem starfar ekki sem skyldi, og ef viðbótargetan nemur meira en fimm prósentum af viðkomandi markaði.
- 47) Þar eð afkastageta, sem verður til á markaði þar sem samdráttur er mikill, veldur að jafnaði meiri röskun á samkeppni en afkastageta, sem verður til á markaði þar sem samdráttur er hlutfallslegur gerir Eftirlitsstofnun EFTA greinarmun á tilvikum þar sem kerfislægur samdráttur er á viðkomandi markaði (þ.e. vöxtur er neikvæður) til lengri tíma lítið og tilvikum þar sem samdráttur á viðkomandi markaði er hlutfallslegur (þ.e. hann sýnir jákvæðan vöxt en fer ekki yfir viðmiðunaryöxt (sjá 48. mgr.)). Ef afkastageta sem verkefnið skapar verður til á markaði þar sem kerfislægur samdráttur er mikill, lítur Eftirlitsstofnun EFTA á það sem neikvæðan þátt í jafnvægisprófinu sem ólíklegt sé að jákvæðir þættir nái að bæta upp. Þá leikur meiri vafi á langtímaávinningi viðkomandi byggðarlags í slíku tilviki.
- 48) Slök frammistaða markaðar verður að jafnaði metin með samanburði við verga landsframleiðslu EES-rikkjanna síðustu fimm árin áður en verkefni hefst (viðmiðunarhlutfall). Gögn um fyrri frammistöðu eru aðgengilegri og ekki jafn mikilli óvissu háð og framtíðarspár. Eftirlitsstofnun EFTA getur eigi að síður, í ítarlegu mati sínu, einnig haft hliðsjón af væntum framtíðarhorfum þar eð aukin afkastageta mun hafa áhrif næstu árin eftir fjárfestingu. Fyrirsjáanlegur framtíðarvöxtur viðkomandi markaðar gæti verið visbending þar um, ásamt væntu nýtingarhlutfalli aukinnar afkastagetu, svo og líkleg áhrif aukinnar afkastagetu á keppinauta vegna áhrifa hennar á verð og framlegð.
- 49) Reynslan sýnir einnig að í sumum tilvikum er það ekki viðeigandi viðmiðun að horfa til vaxtar viðkomandi vöru á EES-svæðinu þegar meta skal áhrif aðstoðar, einkum ef lítið er svo á að markaðurinn taki til alls heimsins og að aðeins sé takmörkuð framleiðsla eða neysla á viðkomandi vörum innan EES. Eftirlitsstofnun EFTA mun í slíkum tilvikum horfa á áhrif aðstoðar á markaðsskipulagið í víðara samhengi, einkum með hliðsjón af hugsanlegum ruðningsáhrifum gagnvart framleiðendum innan EES.

3.2 *Neikvæð áhrif á viðskipti*

- 50) Tenging við sérstök landsvæði er það sem greinir byggðaaðstoð frá öðrum tegundum almennrar ríkisaðstoðar, eins og fram kemur í 2. mgr. Leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð. Séreinkenni byggðaaðstoðar er að henni er ætlað að hafa áhrif á hvar fjárfestar velja fjárfestingarverkefnum sínum stað. Þegar byggðaaðstoð bætur upp kostnaðarauka vegna halla á samkeppnisstöðu byggðarlags og styður við viðbótarfjárfestingar á svæðum sem njóta aðstoðar, stuðlar hún ekki einungis að þróun byggðarlagsins, heldur einnig að

⁽¹⁶⁾ Í þessu skyni kann Eftirlitsstofnun EFTA að horfa til Herfindahl-Hirschman-stuðulsins (HHI). Stuðull þessi veitir grunngreiningu á skipulagi markaðarins. Á markaði með fáa markaðsaðila þar sem nokkrir þeirra eru með tiltölulega háa markaðshlutdeild, kann há markaðshlutdeild aðstoðarþegans ekki að vera áhyggjuefni að því er samkeppni varðar.

⁽¹⁷⁾ Meðal slíkra hindrana eru lagalegar aðgangshindranir (einkum þær sem varða hugverkerfintíðindi), stærðarhagkvæmni og samlegðaráhrif, hindranir við aðgangi að netum og grunnvirkjum. Ef aðstoðin varðar markað þar sem aðstoðarþeginn er fyrir, geta hugsanlegar aðgangshindranir orðið til þess að mögulegur markaðsstyrkur aðstoðarþegans verði meiri og þar með aukið hugsanleg neikvæð áhrif þess markaðsstyrks.

⁽¹⁸⁾ Ef sterkir kaupendur eru á markaðnum dregur það úr líkum á að aðstoðarþegi geti hækkað verð til þessara sterku kaupenda.

⁽¹⁹⁾ Í þessu sambandi er talið að markaður starfi ekki sem skyldi ef árlægur meðalvöxtur hans á viðmiðunartímabilinu er ekki meiri en vöxtur vergrar landsframleiðslu á EES-svæðinu.

samheldni, öllu EES-svæðinu til hagsbóta þegar upp er staðið ⁽²⁰⁾. Hugsanleg, neikvæð áhrif byggðaaðstoðar á staðsetningu eru þegar viðurkennd og takmarkast að einhverju leyti af Leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð og byggðakortum sem skilgreina á tæmandi hátt þau svæði sem geta veitt byggðaaðstoð, með hliðsjón af stefnumarkmiðum um sanngirni og samheldni og leyfðu aðstoðarhlutfalli. Ekki má veita aðstoð til að laða að fjárfestingar utan þessara svæða. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA leggur mat á stór fjárfestingarverkefni sem þessi leiðsögn tekur til skal hún búa yfir öllum nauðsynlegum upplýsingum til að veita og meta hvort ríkisaðstoð hefði í för með sér verulegan atvinnumissi á þeim stöðum innan EES þar sem starfsemi fer þegar fram.

- 51) Nánar tiltekið er hætta á að framleiðsla eða fjárfestingar í öðrum byggðarlögum á EES-svæðinu verði fyrir neikvæðum áhrifum þegar unnt verður að ráðast í fjárfestingar sem auka framleiðslugetu á markaði, fyrir tilstilli ríkisaðstoðar. Þetta er einkum líklegt ef aukningin er meiri en sem nemur vexti markaðarins, sem alla jafna er raunin þegar um er að ræða stór fjárfestingarverkefni sem uppfylla annað skilyrðið í 57. mgr. Leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð. Neikvæð áhrif á viðskipti, það er minni atvinnustarfsemi í þeim byggðarlögum sem aðstoðin hefur áhrif á, kunna að koma fram í glötuðum störfum hjá undirverktökum á viðkomandi markaði ⁽²¹⁾ og vegna glataðra, jákvæðra úthrifa (þ.e. klasaáhrifa, smitáhrifa þekkingar, menntunar og hjálfunar, o.s.frv.).

4. Áhrif aðstoðar jöfnuð út

- 52) Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur staðfest að aðstoð sé nauðsynlegur hvati til að ráðist verði í fjárfestingu í viðkomandi byggðarlagi, mun hún veita jákvæð áhrif aðstoðar til byggðafjárfestinga vegna stórra fjárfestingarverkefna á móti neikvæðum áhrifum aðstoðarinnar. Hugað verður vandlega að heildaráhrifum aðstoðarinnar á samheldni innan EES. Eftirlitsstofnun EFTA mun ekki beita viðmiðum sem sett eru í þessari orðsendingu á vélrænan hátt, heldur vinna heildarmat á hlutfallslegu vægi þeirra. Í þessari jafnvægisathugun ræður enginn einn þáttur úrslitum og engin samstæða þátta getur ein og sér talist nægileg trygging fyrir því að ráðstöfun samrýmist ákvæðum EES-samningsins.
- 53) Eftirlitsstofnun EFTA telur einkum að það að laða fjárfestingu til fátækara byggðarlags (eins og það er skilgreint með hærra hámarki byggðaaðstoðar) hafi í för með sér meiri ávinning fyrir samheldni innan EES en ef ráðist væri í sömu fjárfestingu í betur stæðu byggðarlagi. Í sviðsmynd 2, þar sem færa verður rök fyrir annarri staðsetningu, mun mat sem sýnir að án aðstoðar hefði verið ráðist í fjárfestinguna í fátækara byggðarlagi (meiri halli á samkeppnisstöðu byggðarlagsins – hærra hámarksaðstoðarhlutfall) eða í byggðarlagi sem talið er að búi við sama samkeppnishalla og markbyggðarlagið (sama hámarksaðstoðarhlutfall) teljast neikvæður þáttur í heildarjafnvægisprófi sem ólíklegt er að verði bættur upp með jákvæðum þáttum af því að það er andstætt sjálfri grunnforsendu byggðaaðstoðar. Á hinn bóginn verður að jafnaði litið svo á í jafnvægisprófinu að jákvæð áhrif byggðaaðstoðar, sem eingöngu bæta upp mun á hreinum kostnaði miðað við aðra, þróaðri staðsetningu fjárfestingar (og uppfylla þannig ofangreint próf um hvort skilyrði um meðalhóf sé fullnægt, til viðbótar við kröfu um „jákvæð áhrif“ að því er varðar markmið, hvort aðstoð sé viðeigandi og hvatningaráhrif), vegi þyngra en neikvæð áhrif þegar um er að ræða annan stað fyrir nýja fjárfestingu.
- 54) Ef trúverðug rök eru aftur á móti fyrir því að ríkisaðstoð myndi leiða til umtalsverðrar fækkunar starfa á stöðum sem Evrópska efnahagssvæðið tekur til og sem líklegt er að annars hefðu varðveist þegar til meðalangs tíma er litið, verður jafnvægisathugun að taka tillit félagslegra og efnahagslegra áhrifa á þá staði.
- 55) Eftirlitsstofnun EFTA getur, í samræmi við ákvæði um formlega rannsókn í 6. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, hætt málsmeðferð með ákvörðun á grundvelli 7. gr. bókunarinnar.
- 56) Eftirlitsstofnun EFTA getur ákveðið að fallast á aðstoðina, bundið hana skilyrðum eða bannað ⁽²²⁾. Ef hún samþykkir skilyrta ákvörðun samkvæmt 4. mgr. 7. gr. bókunarinnar, getur hún bundið hana skilyrðum til að takmarka hugsanlega röskun á samkeppni og til að tryggja að hún sé hæfileg að umfangi. Einkum getur hún lækkað tilkynnta fjárhæð aðstoðar eða aðstoðarhlutfall þannig að hún verði talin hæfileg að umfangi og samrýmist þess vegna innri markaðinum.

⁽²⁰⁾ Sérstaklega getur viðbótarstarfsemi eða betri lífskjör á svæðinu, sem nýtur aðstoðar, leitt til aukinnar spurnar eftir vörum og þjónustu frá öðrum hlutum EES.

⁽²¹⁾ Sérstaklega ef þeir starfa á staðbundnum mörkuðum á svæðinu.

⁽²²⁾ Ef aðstoð er veitt á grundvelli fyrirbyggjandi byggðaaðstoðarkerfis, ber að benda á að EFTA-ríkið heldur eftir þeim möguleika að veita slíka aðstoð að því marki sem samsvarar leyfilegri hámarksfjárhæð sem fjárfesting, þar sem styrkhæf útgjöld eru 100 milljónir evra, getur fengið samkvæmt gildandi reglum.

**Leiðrétting á kynningatilkynningu frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 5. mgr. 2012/EES/42/02
17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar
reglur um flugrekstur í Bandalaginu**

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannahjónustukvaðir í Noregi

*(Sbr. Stjórnartíðindi Evrópusambandsins C 168, 14. júní 2012, bls. 4, og EES-viðbæti við
Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 31, 14. júní 2012, bls. 1)*

Í þriðju línu „samningstími“:

Í stað orðanna „1. nóvember 2012 til 31. mars 2016“

komi orðin „1. desember 2012 til 31. mars 2016“

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6623 – VINCI/EVT Business)

2012/EES/42/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. júlí 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækjasamsteypan VINCI SA („VINCI“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í EVT-rekstrareiningunni (*Energieversorgungstechnik* eða orkuafhendingartækni), sem samanstendur af fjölda fyrirtækja sem lúta nú um stundir yfirráðum þýska fyrirtækisins Alpiq Anlagentechnik GmbH („AAT“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - VINCI: byggingarstarfsemi, sérleyfi á sviði flutningastarfsemi og orkumannvirkja; tæknihlutir í rafbúnað, vélbúnað og loftræstikerfi, einkum í Evrópu
 - EVT Business: þjónusta á sviði rafmagns- og vélaverkfræði, einkum á sviði orkuflutnings og -dreifingar, fjarskiptagrunnvirkja, raforku til iðnfyrirtækja, orkuframleiðslu, kapla, tengivirkja, svo og tenging vindorkuvera undan ströndum við landlínur. Fyrirtækin sem mynda EVT-rekstrareininguna stunda starfsemi í Þýskalandi, Austurríki, Ungverjalandi, Ítalíu, Tékklandi og Slóvakíu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 232, 3. ágúst 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6623 – VINCI/EVT Business, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6644 – APG/PGGM/Challenger LBC Terminals)**

2012/EES/42/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. júlí 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollensku fyrirtækin APG Algemene Pensioen Groep N.V. („APG“) og PGGM N.V. („PGGM“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í fyrirtækinu Challenger LBC Terminals Jersey Limited frá Jersey („LBC Terminals“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - APG: sameiginlegt lífeyriskerfi fyrir aðila í menntakerfi, stjórnsýslu og byggingarstarfsemi, fyrir hreingerninga- og gluggaþvottar fyrirtæki, húsnæðisfélög og orku- og veitufyrirtæki, svo og félagslega eða verndaða vinnu
 - PGGM: hollenskt fyrirtæki sem hefur umsjón með lífeyrissjóðum. Það veitir þjónustu á sviði umsýslu með lífeyrissjóðum, eignastýringar, stoðþjónustu við stjórnun og stefnuráðgjafar við ýmsa lífeyrissjóði
 - LBC Terminals: rekur geymslumiðstöðvar fyrir vökva í lausu. Fyrirtækið rekur 14 miðstöðvar á lykilstöðum í Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Portúgal, Spáni, Kína og Bandaríkjunum Norður-Ameríku
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 232, 3. ágúst 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6644 – APG/PGGM/Challenger LBC Terminals, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/42/05****(mál COMP/M.6657 – Marubeni Corporation/Gavilon Holdings)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. júlí 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Marubeni Corporation („Marubeni“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bandaríska fyrirtækinu Gavilon Holdings, LLC („Gavilon“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Marubeni: japanskt viðskiptafélag með starfsemi um allan heim á sviði meðhöndlunar vöru og þjónustu í margvíslegum atvinnugreinum. Starfsemin lýtur að innflutningi, útflutningi, viðskiptum á japönskum markaði og viðskiptum undan ströndum sem tengjast matvællum, matvöru, textíl, efnum, pappírsideigi og pappír, iðefnum, orku, málmum og jarðefnaauðlindum og tækjabúnaði fyrir flutningastarfsemi. Starfsemi Marubeni tekur einnig til orkuverkefna og grunnvirkja, verksmiðja og iðnaðarvélbúnaðar, fjármála, vöruferlisstjórnunar og upplýsingaíðnaðar, svo og fasteignapróunar og byggingarstarfsemi. Að auki stundar Marubeni fjárfestingar í fyrirtækjum, þróun og stjórnun um heim allan með 55 útibú og skrifstofur á erlendri grundu og 33 dótturfélög erlendis með 65 skrifstofur, samtals 120 skrifstofur í 67 löndum eða svæðum
 - Gavilon: bandarískt fyrirtæki sem hefur umsýslu með hrávörum, býður alþjóðlegar upprunamerkingar, geymslu og meðhöndlun, flutninga og vöruferlisstjórnun, markaðssetningu og dreifingu og áhættustýringarþjónustu á þremur aðal viðskiptasviðum: i) korn og innihaldsefni (m.a. korn og hliðarafurðir úr dýrum), ii) áburður, og iii) orkuvörur
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 232, 3. ágúst 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6657 – Marubeni Corporation/Gavilon Holdings, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6667 – Marquard & Bahls/Linde/JV)**

2012/EES/42/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. júlí 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin Marquard & Bahls AG („M&B“) og Linde AG („Linde“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í nýstofnuðu fyrirtæki sem starfar að fullu sem sjálfstætt félag og fyrirtækin ráða í sameiningu („JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Linde: selur gas til nota í iðnaði og til lækninga, tækjabúnað, tæknivinnu og þjónustu
 - M&B: viðskipti með olíu, geymsla í tönkum, þjónusta í tengslum við eldsneytisdeilingu á flugvélar og endurnýjanleg orka
 - JV: mun afhenda fljótandi jarðgas í lausu sem eldsneyti á skip (eldsneytistaka fyrir fljótandi jarðgas)
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4.
 - Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 232, 3. ágúst 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6667 – Marquard & Bahls/Linde/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6668 – Mondi/Nordenia)

2012/EES/42/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. júlí 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Mondi Plc („Mondi“), sem er hluti af Mondi-samsteypunni, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í fyrirtækinu Nordenia International AG („Nordenia“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Mondi: framleiðir umbúðapappír, endurunnar umbúðarvörur og óhúðaðan gæðapappír, ásamt því að framleiða dagblaðapappír í Suður-Afríku, Bretlandi og Rússlandi
 - Nordenia: fjölbjóðlegt fyrirtæki sem framleiðir sveigjanlegar umbúðir, plastfilmur og íhluti í filmuvörur
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 231, 2. ágúst 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6668 – Mondi/Nordenia, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6678 – Procter & Gamble/Arbora)**

2012/EES/42/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. júlí 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Procter & Gamble Company („P&G“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í spænska fyrirtækinu Arbora S.A („Arbora“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - P&G: framleiðir ræstivörur, snyrti- og heilsuvörur og ungbarna- og fjölskylduvörur
 - Arbora: framleiðsla, markaðssetning og sala á hreinlætisvarnavörum fyrir konur, vörum handa fullorðnum með lausheldni, bleium og blautþurrkum fyrir ungbörn
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 226, 28. júlí 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6678 – Procter & Gamble/Arbora, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/42/09****(mál COMP/M.6679 – STEAG/Fronterasol/OHL Industrial/Arenales Solar)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. júlí 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið STEAG GmbH (fyrir milligöngu Steag 1. Beteiligungs-GmbH, fyrirtækis sem stofnað var vegna þessara kaupa) („STEAG“), fyrirtækið Fronterasol B.V.m, sem lýtur endanlegum yfirráðum þýska fyrirtækisins Deutsche Bank AG („Fronterasol/Deutsche Bank“), og spænska fyrirtækið OHL Industrial, S.L., sem er hluti af Villar Mir-samsteypunni („OHL Industrial/Villar Mir“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í spænska fyrirtækinu Arenales Solar PS, S.L. („Arenales“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - STEAG: orkuframleiðsla, samþættar lausnir á sviði raforku- og hitaframleiðslu, tækniþjónusta í tengslum við orkuver
 - OHL Industrial/Villar Mir: starfsemi sem tengist áburði, járnblendi, fasteignum, orku og byggingu iðnaðarmannvirkja
 - Fronterasol/Deutsche Bank: fjármálaþjónusta
 - Arenales Solar: bygging og rekstur sólarorkuvers í Morón de la Frontera, Sevilla, Spáni
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 232, 3. ágúst 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6679 – STEAG/Fronterasol/OHL Industrial/Arenales Solar, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/42/10****(mál COMP/M.6687 – Mitsubishi Motors Corporation/Mitsubishi Corporation/
Guangzhou Automobile/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. júlí 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japönsku fyrirtækin Mitsubishi Motors Corporation („MMC“) og Mitsubishi Corporation („MC“) og kínverska fyrirtækið Guangzhou Automobile („GAuto“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í nýstofnuðu, sameiginlegu kínversku fyrirtæki („JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - MMC: framleiðsla og sala fólksbifreiða og léttra atvinnubifreiða
 - MC: þróun og rekstur viðskiptastarfsemi í ýmsum atvinnugreinum, m.a. í sambandi við fjármögnun iðnfyrirtækja, orku, málma, vélbúnað, iðefni, matvæli og umhverfismál
 - GAuto: framleiðsla og sala fólksbifreiða, atvinnubifreiða og bílavarahluta, svo og þjónusta í tengslum við vélknúin ökutæki á borð við viðhaldsþjónustu, vöruferlisstjórnun og fjármögnun í Kína
 - JV: framleiðsla og sala fólksbifreiða í Kína og rannsóknir og þróun í tengslum við þá starfsemi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 226, 28. júlí 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6687 – Mitsubishi Motors Corporation/Mitsubishi Corporation/Guangzhou Automobile/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Upphaf málsmeðferðar
(Mál COMP/M.6570 – UPS/TNT Express)

2012/EES/42/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. júlí 2012 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg sameiginlega markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á þessari samfylkingu og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið c) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Til að unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 226, 28. júlí 2012). Þær má senda með símbreffi (faxnr. +32 22964301/22967244) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.6570 – UPS/TNT Express, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

**Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem
teknar voru frá 1. júní 2012 til 30. júní 2012**

2012/EES/42/12

Birt hefur verið yfirlit um ákvarðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru fyrir júní 2012, sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 224, 27.7.2012.